



Verkefnastjórnun ÍSAT í Brekkuskóla veturinn 2020 – 2021

Skólaárið 2020 – 2021 var innleitt tilraunaverkefnið, „Verkefnastjórnun í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál“, í Brekkuskóla. Um var að ræða 25% stöðuhlutfall sem undirrituð sinnti. Megináhersla verkefnastjórnarinnar er að taka á móti nemendum nýfluttum til Íslands og fylgja þeim eftir í námi og aðlögun í byrjun skólagöngu á Íslandi. Hér á eftir er fjallað um í hverju verkefnastjórnunarstarfið fólst helst í vetur. Vegna samkomutakmarkanna vegna COVID lá þetta starf niðri í frá 2. nóvember 2020 – 4. janúar 2021, þar sem ekki var samangangur milli hópa. Ég var í árgangateymi og allt vinnuframlag mitt fór fram innan þess.

Ég byrjaði á því að hafa samband við umsjónarkennara skólans, fékk upplýsingar hjá þeim um fjölda nemenda í hópunum þeirra sem hafa íslensku sem annað tungumál. Sú samantekt sýndi að í Brekkuskóla eiga 19 nemendur báða foreldra með annað tungumál en íslensku sem fyrst mál og 39 sem eiga annað foreldri með annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál. Tveir tvítyngdir nemendur bættust við í skólann á vordögum. Þannig eru 60 tvítyngdir nemendur í Brekkuskóla vorið 2021 og eru þeir frá enn fleiri löndum. Einnig eru 24 snúbúar, þ.e. nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa búið erlendis í lengri eða skemmri tíma og flust hafa aftur til Íslands.

Út frá listunum frá umsjónarkennurum tók ég saman lista yfir nemendur í Brekkuskóla sem eru tvítyngdir skólaárið 2020 – 2021. Sá listi er notaður til að sækja um styrk í jöfnunarsjóð en það er gert í byrjun beggja anna skólaársins.

Önnur helstu verkefni í vetur voru:

- Lesa efni og skoða vefi um tvítyngi, aðlögun, náms- og kennsluleiðir og námsefni.
- Benda á, prenta út efni sem kennarar geta notað við móttöku eða í kennslu
- Verið með nokkra litla hópa nemenda í íslenskukennslu og séð um leiðsögn og námsefni fyrir ákveðna nemendur.
- Farið í heimsóknir í bekki og átt samtali við kennara um nám og stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál.
- Lagt fyrir nokkra nemendur stöðumat 1 eða 2 frá Helgu Hauksdóttur kennsluráðgjafa hjá Akureyrarbæ og í framhaldi átt samtali við kennara nemendanna um stöðu og áframhaldandi skipulag í námi.
- Síðustu vorvikunnar einbeitti ég mér að tveimur nýju nemendum. Þeir komu til mín í samræður m.a. um skólan, vini, að flytja til Akureyrar, að læra íslensku. Við skoðuðum umhverfið og myndir og íslensk orð.

Í vetur hef ég lagt áherslu á samræður og orðaforðavinnu í tímum hjá mér og að vekja nemendur til umhugsunar um hvernig þeir geta aukið orðaforða sinn og námstækni. Unnið var með orðaforða tengdum daglegu lífi, námsgreinum og skólaumhverfinu. Við tókum fyrir samheiti og andheiti, viðtækari orð og málshætti og skoðuðum mismunandi texta. Einnig áttu sér stað samræður og upplýsingaleit um Ísland, menningu, sögu og daglegt líf sem og um hin lönd nemenda.

Í samvinnu við Sigríði Margréti Hlöðversdóttur, bókasafnskennara, vann ég verkefni með nemendum með annað tungumál en íslensku. Nemendur komu í 6 litlum hópum á bókasafnið þar sem þeir hittu aðra nemendur sem ýmist töluðu sama, annað tungumál, og þau, sem og önnur tungumál. Nemendur kynntu uppruna sinn og tungumál. Við ræddum við nemendur um þann auð sem felst í að vera eiga fleiri en eitt tungumál og eða uppruna til annarra landa auk íslensku og Íslands. Nemendur unnu svo saman að því að útbúa fána, spjald með nafni lands og þrjár talblöðru sem á stóð: Velkomin, góðan dag og takk fyrir. Nemendur voru áhugasamir og glaðir í hópavinnunni og gaman að sjá eldri nemendur leiðbeina og aðstoða þá yngri. Afrakstur verkefnisins var svo hengdur í glugga bókasafnsins sem eru miðsvæðis í skólanum.



Ég tel að verkefnastjórnun ÍSAT í skólanum sé mjög mikilvæg til að við náum utan um þarfir þessara nemenda og getum þróað kennsluhætti okkar þeim og öðrum nemendum í hag. Áframhaldandi vinna næsta vetur ætti að felast í að:

- Taka þátt í móttöku ÍSAT nemenda sem eru nýfluttir til Íslands. (Utanumhald, stuðningur og kennsla). Þegar nýir nemendur koma í skólann tekur þessi þáttur stóran hluta af starfshlutfallinu.
- Auka þekkingu í skólanum á námi og aðstæðum ÍSAT nemenda (kynningar, samræður við kennara)
- Ná utan um stöðu og eftirfylgni með nemendum þannig að markvissar framfari eigi sér stað og að nemendur vinni að verkefnum við hæfi (samræður við kennara, kennsla og stöðumat)
- Stuðla að því að ÍSAT nemendur séu meðvitaðir um þann auð sem tvítyngi og/eða uppruni í annað land og menningu gefur þeim (ákveðin verkefni, samræður við nemendur,)
- Utanumhald á fjölda ÍSAT nemenda í skólanum (Skráningar og umsókn í jöfnunarsjóð)
- Í Brekkuskóla eru 6 starfsmenn með ÍSAT – Ég velti fyrir mér hvernig við stuðlum að tilheyratilfinningu og virkri þátttöku þeirra.

Að fá tækifæri til að vinna með nemendum og kennurum í mismunandi árgöngum frá 1. – 10. hefur gefið mér tækifæri til að fá yfirsýn yfir fjölbreytileikann og þörf í kennslu, hvað við kemur nemendum með ÍSAT. Ég hef lært margt en margar spurningar hafa vaknað sem ég vona að ég geti unnið með næsta vetur ásamt því að halda áfram því sem ég er komin með í gang.

Spurningar sem vöknudum við vinnu með ÍSAT nemendur veturinn 2020 – 2021

- Hvernig stöndum við best að námi og leiðsögn fyrir ÍSAT nemendur? Í byrjun og svo áfram?
- Hvernig styðjum við ÍSAT nemendur þannig að þeir nái smám saman sambærilegri stöðu og nemendur með íslensku sem fyrsta mál? Hvað er raunhæft að það taki langan tíma að meðaltali?
- Hvað er mikilvægt fyrir nemendur sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna? Annað foreldrið? Þau börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna en eru fæddir á Íslandi?
- Í hverju á íslenskukennslan að felast? Hvernig vinnum við best, svo allt nám nemenda stuðli að stigvaxandi aukningu á færni í íslensku sem virku tungumáli, sem hefur svo áhrif á allt nám nemendanna?
- Hvaða orðaforða er mikilvægast að kenna? Er sérstakur orðaforði sem hægt er að lista upp?
- Hvernig notum við tengsl við fyrri reynslu nemenda, bakgrunnur og einstaklingsfærni og hvernig hefur það áhrif á íslenskunámið?
- Hve marga tíma á dag eru nemendurnir í íslensku málumhverfi? Er íslenskan eingöngu töluð í skólanum? Eða er íslenskt mál tengt einhverjum tímum nemandans fyrir utan skóla? Heima, tómstundir, félagasamskipti, annað?
- Hvernig er stutt við aðgengi nemendanna að íslensku málumhverfi fyrir utan skólatíma?

Í íslenskukennslu sem annað tungumál þarf að huga að ýmsu.

Kanna hver staða nemenda í íslensku er. Áhugavert er að skoða hvað hefur helst áhrif á framgang í íslenskunáminu og hvort munstur er eftir foresendum nemenda

- Báðir eða annað foreldri erlent,
- fæddur erlendis eða á Íslandi,
- lengd dvalar á Íslandi
- Talar nemandinn annað tungumálið, skilur eða skrifar

Mér finnst stöðumat 1 frá HH góður grunnur fyrir þá nemendur sem eru að byrja íslenskunámið sitt og er leiðbeinandi í áherslum í kennslu. Það er gott tæki til að sjá göt í orðaforða/málfari nemenda sem hafa verið lengur á Íslandi. Svo er gott að meta framhald með stöðumati 2.

Endurtekning – til að orð festist og verði hluti af virkum orðaforða þarf orðið að koma endurtekið fyrir og vera notað í mismunandi samhengi.

Val á textum til lestrar – þyngd og áhugi. Nemendur þurfa að hafa áhuga á því sem þeir lesa. Þyngdin þarf að vera þannig að nemendur þekki stóran hluta af orðum þannig að þeir skilji innihald textans en um leið læri ný orð og bæti þeim markvisst í orðabankann sinn. T.d. skrifi í glósubók ný orð. Gott er að merkja orðin með yfirstrikunarpenna þar sem það er hægt.

Athuga að læsir nemendur **lesi líka á fyrsta málinu sínu** þannig að þeir viðhaldi lestrarfærni sinni.

Ritun: stigvaxandi þróun. Stafrófið, skrifa orð, skrifa setningar (sjálfir eða eftir fyrirmyndum). Svo smám saman málsgreinar og samfelldan texta. Mikilvægt að skoða ritunina jafnt og þétt og velja ákveðna þætti til að vinna með.

- Orðabil
- Skrifa stóran staf í sérnöfnum
- Skrifa stóran staf og punkt rétt í setningum eða málsgreinum.
- Stafsetning – skrifa eftir upplestir

1. Orðaforði
2. skiljanlegar setningar – æfa að skrifa setningar
3. Setningagerð/texti – æfa að setja setningar saman í samfelldan texta
4. Upphaf – miðja – endir, samhengi í textagerð
5. smáorð

Til að auka orðaforða og skilning er mikilvægt að vinna með:

Samheiti

Andheiti

Samsett orð

Jákvæð/neikvæð orð

Yfirheiti – víðtæk orð / sértæk

Margræð orð – að læra að á íslensku eru mörg orð sem geta merkt mismunandi hluti (horn, pera,

Síðan að vinna með orðflokkana **nafnorð, sagnorð og lýsingarorð** sem mynda uppbyggingu setningar og málsgreina.

Beyging orða er erfið en mikilvæg til að þekkja mismunandi myndir sama orðs í texta. Fallbeyging, sagnorðabeyging. Þetta bætist smám saman við eftir því sem orðaforði eykst og notkun nemandans á málinu. Samtímis er mikilvægt að hafa ekki áherslu á þetta í byrjun né vera að leiðrétta beygingar hjá nemendum. Best er að endurtaka eða segja rétt setningar/beygingarmyndir þannig að þær smám saman sýjast inn. Eða vinna markvisst með ákveðin orðasambönd sem nemendur fá þá skrifuð, lesa upp, segja og skrifa sjálfir.

Leiðréttingar mega ekki leiða til þess að nemendur verði óöruggir í að nota íslenskuna. Mestu skiptir að tala þannig að þeir geti gert sig skiljanlega.

Kyn orða. Margir ÍSAT nemendur virðist eiga erfitt með kyn orða. Kynin eru kannski ekki þau sömu á þeirra fyrsta tungumáli, eða eins og t.d. á ensku eru flest orðin hk (it) en kk og kvk tengt persónubundnum kynjum.

Áhersla í kennslu í ÍSAT:

- Samræður – segja frá, hlusta á aðra, svara spurningum. Nemendur segi frá sjálfum sér, hinu landinu sína, áhugamálum, því sem þeir eru að gera
- Lesa texta, velja orð, útskýra orð
- Ritun – skrifa orð, setningar, samfelldan texta. Nota orðaforða sem nemendur hafa á valdi sínu og læra ný orð. Skrifa frá eigin brjósti, um lesin texta eða bækur, skrifa setningar og texta eftir fyrirmynd, skrifa eftir upplestri.
- Útskýra orð útfrá myndum – Alías
- Spila, samskipti – söguteningar, fallorðaspilið, sagnorðaspilið
- Málfræði:
 - Beyging orða– Íslenskunámn nafnorð og sagnorð
 - Kyn orða - Íslenskunámn nafnorð

Akureyri 11. Júní 2021

Halla Kristín Tulinius, sérkennari
Verkefnastjóri í íslensku sem annað tungumál.

